

## Fréttabréf Foreldrafélags Núps Vor 2020

### Kæru foreldrar og forráðamenn,

Eins og margir aðrir í þjóðfélaginu hefur foreldrafélagið þurft að gera breytingar á viðburðum vorannar út af COVID-19 faraldrinum.

Búið var að skipuleggja fræðslukvöld fyrir foreldra sem þurfti að afbóka og eins þurfti að endurskipuleggja vorhátíð sem búið var að leggja drög að. Þá var skipulagsdagur starfsmanna felldur niður, en venjan er að foreldrafélagið bjóði starfsmönnum leikskólans upp á morgunkaffi á þeim degi. Þrátt fyrir breytt skipulag vonum við að allir njóti!



### Fimleikasalur Fylkis

12. janúar bauð foreldrafélagið leikskólabörnum Núps í fimleikasal Fylkis. Þessi viðburður var endurtekning frá síðasta ári en þá þótti takast mjög vel til. Það sama var uppi á teningnum þetta árið en góð mæting var og mikið fjör!

### Myndataka

4. mars kom Eiríkur Ingi ljósmyndari í leikskólann og myndaði börnin eins og í fyrra. Afhending á myndunum hefur farið fram og vonum við að allir hafi verið ánægðir með útkomuna.

Fyrir áhugasama er heimasíða Eiríks Inga: <https://www.eirikuringi.is>

### Dansnámskeið

Síðustu árin hefur foreldrafélagið staðið fyrir dansnámskeiði fyrir börnin. Á aðalfundi félagsins var ákveðið að halda áfram þeirri hefð, þar sem bæði börn og foreldrar eru almennt ánægð með dansinn.

Dansnámskeið Dagnýjar hefst 5. júní og verður á föstudögum í 3 vikur.



## Skoppa og Skríttla

Föstudaginn 29. maí kl.10 munu þær stöllur, Skoppa og Skríttla, koma í heimsókn og skemmta börnunum.



## Gjöf til leikskólans

Ákveðið hefur verið, í samstarfi við forsvarsmenn leikskólans, að foreldrafélagið kaupi bakpoka og gefi leikskólanum. Bakpokinn mun nýtast fyrir sumarverkefni meistara auk annarra ferða sem farið er í.

## Framundan í leikskólanum:

- 29. maí – Skoppa og Skríttla mæta í heimsókn
- 1. júní – Annar í Hvítasunnu - leikskólinn lokaður
- 17. júní – Lýðveldisdagur Íslands – leikskólinn lokaður
- 25. júní – Sólstöðuhátíð / Furðufatadagur
- 8. júlí kl: 13:00 – Sumarlokun.

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí fimmtudaginn 6. ágúst kl. 13:00

## Í stjórn foreldrafélags Núps skólaárið 2019-2020 sitja:

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir - meðstjórnandi

Auður Böðvarsdóttir – ritari

Engilráð Ósk Einarsdóttir – varamaður

Ester Ósk Gunnarsdóttir – meðstjórnandi

Halldóra Brynjólfsdóttir – formaður

Kristín Fanney Þorgrímsdóttir – gjaldkeri

Magðalena Sigríður Kristjánsdóttir – meðstjórnandi

Tinna Finnsdóttir - meðstjórnandi

Fulltrúi kennara er Áslaug Pálsdóttir

Skoðunarmaður reikninga er Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir

Við hvetjum alla foreldra sem hafa góðar hugmyndir eða ábendingar að hafa samband við foreldrafélagið á [foreldrafelagnups@gmail.com](mailto:foreldrafelagnups@gmail.com)